

Viðauki.

I. Samsettar vítamíntöflur skulu innihalda greint magn effirtalinnna vítamína og áletrun á merkimiða skal vera sem hér greinir:

„Samsettar vítamíntöflur.

Í hverri töflu er venjulegur dagskammtur:

A-vítamín	2500 ein.
D-vítamín	400 —
Pýríðoxínklóríð	2 mg
Ríbóflavín	2 —
Tíamínklóríð	2 —
Kalsíumpantótenat	8 —
Nikótínamið	20 —
Askorbínsýra	60 —

Geyma skal töflurnar á þurrum og dimmum stað“.

Á merkimiða skal enn fremur greina magn (fjölda), nafn framleiðanda, framleiðslunúmer og fyrningartíma. Á umbúðir skal einnig letra nafn seljanda og verð.

Samsettar vítamíntöflur skulu vera kringlóttar, sykruhúðaðar og rauðbrúnar að lit. Hver tafla skal vera um það bil 10 mm í þvermál og vega 0.40—0.45 g.

II. Askorbínsýru'öflur skulu vera *Tablettae ascorbicae* 50 mg, Ph. Nord. '63, og áletrun á merkimiða skal vera sem hér greinir:

„Askorbínsýrutöflur
(C-vítamíntöflur)

Í hverri töflu er venjulegur dagskammtur:

Askorbínsýra	50 mg
--------------------	-------

Geyma skal töflurnar á þurrum og dimmum stað“.

Á merkimiða skal enn fremur greina magn (fjölda), nafn framleiðanda og framleiðslunúmer. Á umbúðir skal einnig letra nafn seljanda og verð.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja,
nr. 30 16. maí 1966.

1. gr.

Aftan við m-lið 8. gr. bætast tveir nýir töluliðir, 12. og 13. töluliður, svohljóðandi:

12. Umbúðir um acetylsalicýlsýrutöflur (0.5 g) og magnýltöflur (0.5 g), sem ætlaðar eru til lausasölu, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með rauðum bókstöfum á ljósum grunni: **Varúð! Geymist þar, sem börn ná ekki til.** Mesti skammtur handa börnum yngri en 1 árs er 1 tafla á sólarhring.

13. Umbúðir um Guttae A-D-vitamins aquosae og Guttae A-D-vitamins fortiores, sem ætlaðar eru til lausasölu, sbr. Viðauka 1, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað:

Sterkir A-D-vítamíndropar. Mesti skammtur handa börnum er 4 dropar á sólarhring.

2. gr.

Í Viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja samkvæmt 14. gr. b., undir liðnum Calciferolum, komi svohljóðandi breyting:

Lyf, jurtalyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Calciferolum	Lausnir, er innihalda 7000 alþ.ein. af D-vítamíni í grammi, svo og lyf í afmældum skömmtum, er innihalda 1000 alþ.ein. eða minna.		Guttae A-D-vítamíni aquosae, Guttae A-D-vítamíni fortiores.

3. gr.

Í niðurlagi Viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja samkvæmt 14. gr. b., þar sem talin eru þau lyf, sem má láta úti án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga, koma 2 nýir töluliðir:

5. Tiabendazolium NFN (og tilsvarendi sérlyf).

6. Tetramisolium INN (og tilsvarendi sérlyf).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölugaga nr. 30 29. apríl 1963, gengur í gildi 1. apríl 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

21. desember 1967.

Nr. 175.

AUGLÝSING

um breytingar og viðauka nr. 2 á Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966.

Frá og með 28. desember 1967 ganga í gildi breytingar útgefnar í dag á Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.